

Strandabyggð

Íbúafundur

5. október

Róbert Ragnarsson
Gunnar Úlfarsson



Strandabyggð

Verkefnið

- Markmið verkefnisins er að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Strandabyggðar ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur. Í því felst jafnframt að greina sameiningarvalkosti.
- Afurð verkefnisins verður minnisblað sem lýsir niðurstöðum verkefnisins og auðveldar sveitarstjórn Strandabyggðar að meta hvort og þá við hvaða sveitarfélög skuli hefja sameiningarviðræður.
- Vinnustofa I
 - **Fór fram 8. apríl.**
 - Ráðgjafi kynnti lagaumhverfi og algengt verklag við sameiningar sveitarfélaga.
- Vinnustofa II
 - **Fór fram 9. júní.**
 - Ráðgjafi leiddi hópinn í vinnu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri Strandabyggðar verða greind
- Íbúafundur
 - Ráðgjafar munu leiða kynningu og varpa fram spurningum sem íbúar ræða sín á milli. Leitast verður við að fá fram hvaða atriði skipta íbúana mestu máli, ef til sameiningarviðræðna kemur.
 - **Verkefni dagsins í dag.**
- Skilafundur
 - Minnisblað með valkostagreiningu kynnt fyrir sveitarstjórn á fundi.

Stefna stjórnvalda

- Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.
 - Áherslur:
 - aukið bolmagn sveitarfélaga
 - aukið íbúalýðræði
 - aukin stafræn þjónusta og aðkoma íbúa að ákvörðunum
 - bætta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa
 - aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga
 - jöfnun á þjónustustigi í sveitarfélögum
 - Felur í sér stefnu um að lágmarksviðmið verði sett í lög og stuðningur við sameiningar stóraukinn.

Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags

Ný 4. gr. sveitarstjórnarlaga

Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir **1.000. (250 íbúar frá 2022)**

Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1.000 við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, [..]:

- a. **hefja** formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. eða
- b. vinna **álit** um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 1. mgr., og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

[..] þar skal m.a. fjallað um fjárhagslega og félagslega þætti sveitarfélagsins, íbúapróun, þjónustu sveitarfélagsins og aðrar samfélagslegar aðstæður.

Álit skv. b-lið 2. mgr. skal sent ráðuneytinu til **umsagnar** og síðan **kynnt** íbúum sveitarfélagsins með fullnægjandi hætti ásamt umsögn ráðuneytisins. Að því loknu skal sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort hefja eigi sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. og hafa um það **tvær** umræður skv. 1. mgr. 18. gr.

Taki sveitarstjórn ákvörðun um að hefja ekki sameiningarviðræður skv. 4. mgr. geta minnst **10%** af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óskað almennrar atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar hafi slík atkvæðagreiðsla ekki þegar farið fram.

Verklag við sameiningarviðræður

Formlegar viðræður

- Lögbundið ferli sem endar með kosningum um sameiningartillögu
 - 119. gr. svstjl.
- Sveitarstjórnir þeirra sem eru í viðræðum skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi
- Samstarfsnefnd hefur mikið frelsi um verklag við undirbúning
- Mat á kostum og ókostum tillögunnar
- Íbúafundur og samráð
- Jöfnunarsjóði skylt að veita framlög

Óformlegar viðræður

- Könnunarviðræður
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku
- Mat á kostum og ókostum mismunandi sameiningarvalkosta
- Íbúafundur og samráð
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði

Tímalína og vörður



Stjórnsýsla

- Í sveitarstjórn Strandabyggðar sitja fimm fulltrúar og starfandi eru 6 fastanefndir.
 - Kjörstjórn
 - Fræðslunefnd
 - Umhverfis- og skipulagsnefnd
 - Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefnd
 - Tímstunda-, íþróttá og menningarnefnd
 - Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps
- Þrír fulltrúar sitja í kjörstjórn, tveir fulltrúar sitja í velferðarnefnd sem er sameiginleg með Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Reykhólahreppi en fimm fulltrúar sitja í öðrum fastanefndum.
- Ekki er starfandi sveitarstjóri í Strandabyggð en skrifstofustjóri og oddviti skipta með sér verkum sveitarstjóra.

Þjónusta

- Skrifstofa Strandabyggðar er staðsett á Hólmavík og þar starfa 5 starfsmenn
 - Skrifstofustjóri
 - Fulltrúi í móttöku
 - Tómsfundafulltrúi
 - Byggingarfulltrúi, sameiginlegur með Árneshreppi, Dalabyggð, Kaldrananeshreppi og Reykhólahreppi
 - Félagsmálastjóri, sameiginlegur með Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Reykhólahreppi
- Opinber þjónusta í Strandabyggð
 - Leik-, grunn- og tónskóli
 - Hólmavíkurhöfn
 - Áhaldahús
 - Slökkvilið
 - Bókasafn
 - Sorpsamlag Strandasýslu
 - Félagsheimili
 - Íþróttamiðstöð

Samstarf um þjónustu

- Strandabyggð er aðili að 12 samstarfssamningum samkvæmt upplýsingum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
 1. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, BsVest
 2. Samningur um barnavernd Húnapings vestra, Reykhólahrepps, Árneshrepps og Kaldrananeshrepps
 3. Samningur um Náttúrustofu Vestfjarða
 4. Starfsendurhæfing Vestfjarða
 5. Embætti skipulagsfulltrúa Dala, Stranda og Reykhóla
 6. Embætti byggingarfulltrúa Dala, Stranda og Reykhóla
 7. Svæðisskipulag Dala, Strandabyggðar og Reykhóla
 8. Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla
 9. Brunavarnir Dala, Reykhóla og Strandabyggðar bs.
 10. Samningur um menningarmál
 11. Vestfjarðarstofa ses.
 12. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna


Lögskyld áætlanagerð og verkefni

- Sveitarfélög hafa mikið frelsi til að ráða málefnum sínum sjálf. Löggjafinn setur þó ákveðnar kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna, m.a. í því skyni að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna.
- Í töflunni hér til hægri má, í dæmaskyni, finna verkefni og stefnumarkandi áætlanir sem sveitarfélögum er skylt að gera samkvæmt lögum.

Lögskyld verkefni	Strandabyggð
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	Já
Aðalskipulag í gildi	Já
Húsnæðisáætlun í gildi	Nei
Jafnlaunavottun (ef það eru fleiri en 25 starfsmenn)	Nei
Loflagsstefna	Nei
Grunnskólastefna í gildi	Já
Leikskólastefna í gildi	Já
Siðareglur birtar	Já
Staðfesting ársreiknings	Já
Fjárhagsáætlun samþykkt	Já
Reglur um fjárhagsaðstoð	Já
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Já

Íbúapróun

Íbúapróun og mannfjöldaspá í Strandabyggð 2007 - 2031




Heimild: Hagstofa, Byggðastofnun, RR ráðgjöf

- Íbúum í sveitarfélaginu hefur fækkað um 14,2% frá 2007.
- Mannfjöldaspá Byggðastofnunar gerir ráð fyrir að íbúum muni fækka um 29% á næstu 10 árum.
- Fólksfækkun var ekki jafn mikil árið 2021 og gert var ráð fyrir í spánni.

Aldurstré

Aldursdreifing í Strandabyggð í ársbyrjun 2021



Heimild: Hagstofa, Byggðastofnun, RR ráðgjöf

Styrkleikar

- Öflug þjónusta við börn með fjölbreyttar þarfir
- Skólastarfið
- Öflugt tómstundarstarf
- Barnvænt samfélag
- Náttúra
- Félagsstarf aldraðra
- Virðing fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum
- Menningararfur
- Stutt í allar áttir
- Mannauður
- Staðsetning – stutt um allt Norðvesturland
- Nýsköpunarandi tengdur sögu og menningararfi



Veikleikar

- Ekki nógu framsækið
- Veikt og einhæft atvinnulíf
- Fámenni
- Viðhaldsskortur
- Fjárhagsstaða sveitarfélagsins
- Íbúafækkun
- Aldurssamsetning sveitarfélagsins
- Lágt menntunarstig
- Vantar íbúðir á leigumarkað
- Húsnæðismál
- Karllægt atvinnulíf
- Ófjölskylduvænt vinnuumhverfi



Ógnanir

- Sauðfjárbúskapur í vörn á landsvísu
- Kröfur ríkisvaldsins
- Tekjubrestur sveitarfélagsins
- Hátt vöruverð
- Innflutningur á beinum samkeppnisvörum/staðgönguvörum – sérstaklega í landbúnaði
- Aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins
- Rándýr raforka
- Missa þjónustu úr sveitarfélaginu
- Menntað fólk snýr ekki heim
- Erfitt að fá lán
- Byggðastefna í molum
- Lítið framboð af íbúðarhúsnæði

Tækifæri

- Þjóðgarður
- Kaldalón
- Friðland
- Kvikmyndagerð
- Menningarmiðstöð
- Fiskeldi og virkjanir, t.d. vindorka
- Náttúrutengd ferðaþjónusta og fræðistörf
- Fjölbreyttari störf
- Vestfjarðarleiðin – möguleikar í ferðaþjónustu
- Möguleikar að efla rannsóknir og vísindi
- Virkja sumarhúsa eigendur
- Þróunarsetrið, störf án staðsetningar




Áhersluatriði í sameiningarviðræðum

- Efla atvinnulíf
- Sterkara bakland
- Sterkara samfélag
- Íbúafjölgun
- Atvinnuuppbygging
- Betri stjórnsýsla
- Verja skólastarf
- Íbúum líði eins og hlustað sé á þá og allir njóti sömu þjónustu
- Heilsueflandi samfélag
- Náttúruvernd
- Þjóðgarður
- Mannlíf og menning í forgrunni
- Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélagsins

Tekjur Strandabyggðar

- Rekstrartekjur uxu talsvert árin 2015 – 2018. En síðan hafa þær dregist saman á föstu verðlagi.
- Samdráttur í rekstrartekjur orsakast m.a. vegna fólksfækkunar í sveitarfélaginu.

Rekstrartekjur samstæðu í þús.
kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf

Tekjur Strandabyggðar

- Rekstrartekjur á íbúa í Strandabyggð eru 1.492 þús. kr. og eru 217 þús. kr. yfir landsmeðaltali.
- Framlög Jöfnunarsjóðs er þó talsvert hærri en landsmeðaltalið.
- Það gefur til kynna að sveitarfélagi sé verulega háð fyrirkomulagi framlaga að hverju sinni.

Samsetning rekstrartekna á íbúa í þús. kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf

Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun

- Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.
- Við könnum meginregluna út frá **veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímaskulda**.
- Strandabyggð hefur haft neikvætt veltufé frá rekstri eftir afborganir langtímaskulda frá árinu 2017.

Veltufé frá rekstri að frádr. afb.
langtímalána í þús. kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf


Jafnvægisreglan

- Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- Jafnvægisreglan er því samtala rekstrarniðurstöðu til þriggja ára.
- Á síðustu 4 árum hefur Strandabyggð aðeins staðist jafnvægisreglu árið 2018.

Rekstrarniðurstæða samstæðu í þús.




Jafnvægisregla í þús. kr.



Skuldareglan

- Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Skuldahlutfall Strandabyggðar hefur farið vaxandi síðustu ár en er enn innan viðmiðs.


Skuldahlutfall




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf

Eignir og skuldir á íbúa

Eignir á íbúa í þús. kr.



Skuldir og skuldbindingar á íbúa í þús. kr.



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf

Sameiningarframlög Strandabyggðar

- Samkvæmt tillögu ráðherra myndu sameiningarframlög til Strandabyggðar vera 316 m.kr. miðað við ársreikning ársins 2020.
- Fjárhæð heildarframlaga ræðst af þeim sveitarfélögum sem sameinast og tekur mið af árinu fyrir gildistöku sameiningar.
- Framlögin eru greidd út á 7 árum eftir samkomulagið við Jöfnunarsjóð.

	Framlög
Fast framlag	100
Skuldajöfnunarframlag	133
Byggðaframlag	83
Samtals	316

Sameiningarvalkostir



- Verkefnishópurinn hefur velt upp ýmsum valkostum.
- Ákveðið var að skoða fimm valkosti sérstaklega.
- Valkostir verða hér stuttlega kynntir, en verkefnishópurinn hefur aflað ítarlegri gagna.

Strandabyggð, Reykhólar og Dalabyggð

Fjárhagsleg viðmið	2020	2019
Skuldaregla	72%	76%
Jafnvægisregla	2.348	120.681
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	27.297	-5.064

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Fjarlægðir í km	Samtals framlög
Strandabyggð	435	-	316
Reykhólahreppur	236	57	169
Dalabyggð	620	79	237
Sameinað	1.291		722

- Sameinað sveitarfélag stæðist fjárhagsleg viðmið.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 722 m. kr.
- Árleg framlög jöfnunarsjóðs hækka um 30 m. kr.
- Mikil hefð fyrir samstarfi á milli sveitarfélaganna.
- Sameiginlegt svæðisskipulag.

Strandabyggð og Reykhólahreppur

Fjárhagsleg viðmið	2020	2019
Skuldaregla	78%	83%
Jafnvægisregla	-141.198	-54.556
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	-12.003	-98.600

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Fjarlægðir í km	Samtals framlög
Strandabyggð	435	-	316
Reykhólahreppur	236	57	169
Sameinað	671		485

- Sameinað sveitarfélag stæðist skuldaviðmið en ekki önnur viðmið.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ekki ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 485 m. kr.
- Árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 19 m. kr.
- Mikil hefð fyrir samstarfi á milli sveitarfélaganna.

Strandir, Reykhólahreppur og Dalabyggð

Fjárhagsleg viðmið	2020	2019
Skuldaregla	72%	71%
Jafnvægisregla	36.197	144.414
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	27.297	11.750

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Fjarlægðir í km	Samtals framlög
Strandabyggð	435	-	316
Kaldrananeshreppur	110	30	102
Reykhólahreppur	236	57	169
Dalabyggð	620	79	237
Árneshreppur	42	95	119
Sameinað	1.443		943

- Sameinað sveitarfélag stæðist fjárhagsleg viðmið.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 943 m. kr.
- Árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 39 m. kr.
- Mikil hefð fyrir samstarfi á milli sveitarfélaganna.

Strandir og Reykhólahreppur

Fjárhagsleg viðmið	2020	2019
Skuldaregla	78%	74%
Jafnvægisregla	-107.349	-30.833
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	-81.866	-12.003

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Fjarlægðir í km	Samtals framlög
Strandabyggð	435	-	316
Kaldrananeshreppur	110	30	102
Reykhólahreppur	236	57	169
Árneshreppur	42	95	119
Sameinað	823		706

- Sameinað sveitarfélag stæðist skuldaviðmið en ekki önnur viðmið.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ekki ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlagafyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 706 m. kr.
- Árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 28 m. kr.
- Hefð fyrir samstarfi.

Strandir, Reykhólar, Húnaþing vestra og Dalabyggð

Fjárhagsleg viðmið	2020	2019
Skuldaregla	81%	67%
Jafnvægisregla	301.612	563.165
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	61.562	195.541

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Fjarlægðir í km	Samtals framlög
Strandabyggð	435	-	316
Árneshreppur	42	95	119
Kaldrananeshreppur	110	30	102
Húnaþing vestra	1.222	160	132
Dalabyggð	620	79	237
Reykhólahreppur	236	57	169
Sameinað	2.665		1.076

- Sameinað sveitarfélag stæðist fjárhagsleg viðmið.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 1.076 m. kr.
- Árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 77 m. kr.
- Mikil hefð er fyrir samstarfi hjá hluta af sveitarfélögunum.


Lýðfræðilegir veikleikar

	Veikleiki ef	Strandabyggð	Strandabyggð, Reykhólar & Dalabyggð	Strandir, Reykhólar, & Dalabyggð	Strandabyggð & Reykhólar	Strandir og Reykhólar	Strandir, Reykhólar, Húnaþing vestra og Dalabyggð
Fæðingartíðni	Undir 10,5	11,5	9,3	9,0	10,4	9,7	9,4
Dánartíðni	Yfir 8,9	6,9	10,1	9,7	8,9	8,5	9,0
Aðfluttir umfram brotfflutta	<0	6	-21	-12	11	20	16
Hlutfall 0-14 ára	Undir 17,3%	16,6%	16,7%	15,5%	17,4%	15,2%	16,0%
Hlutfall 15-24 ára	Undir 12,0%	11,7%	12,7%	12,7%	12,2%	12,3%	13,3%
Hlutfall 25-54 ára	Undir 39,1%	32,0%	31,8%	31,5%	31,0%	30,7%	33,4%
Hlutfall 55-64 ára	Yfir 12%	17,9%	17,0%	17,0%	17,4%	17,4%	14,7%
Hlutfall 65 +	Yfir 19,5%	21,8%	21,8%	23,3%	21,9%	24,4%	22,6%
Konur - Karlar	Færri konur en karlar	-9	-11	-19	-7	-15	-3
Konur á móti 100 körlum (15-64 ára)	Færri en 93	114,4	103,3	102,1	105,6	102,9	102,0
Lýðfræðilegir veikleikar		6	8	8	5	6	7

Heimild: Byggðastofnun.

Spurningar

- Ætti Strandabyggð að hefja sameiningarviðræður?
- Hvaða valkostir ættu að vera í forgangi?
- Hver ættu að vera áhersluatriði Strandabyggðar í viðræðum?
- Íbúar geta farið inn á [menti.com](https://www.menti.com) og valið.
 - Slá inn kóðann **65 25 44**



Farðu inn á
www.menti.com

Skráðu inn
kóðann:
65 25 44



- **Róbert Ragnarsson** er reynslumikill stjórnandi og sérfræðingur úr opinbera geiranum. Hann hefur yfir tíu ára reynslu sem bæjarstjóri í Vogum og í Grindavíkurbæ, auk reynslu af sérfræðistörfum í stjórnarráðinu og kennslu á háskólastigi. Róbert hefur sinnt fjölbreyttri ráðgjöf við sveitarfélög frá því í febrúar 2017.
- Róbert er með meistarapróf í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands, en varði tveimur árum við nám í Háskólanum í Arósum. Hann hefur kennt stjórnsýslufræði á meistarastigi við Háskóla Íslands og haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða um lagaumhverfi, skipulag og stjórnun hins opinbera. Hann hefur sinnt ráðgjöf við gerð lagafrumvarpa í samgönguráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og unnið að fjárhagslegum úttektum fyrir sveitarfélög.



- **Freyja Sigurgeirsdóttir** er með MA próf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Samhliða námi vann Freyja hjá Umboðsmanni barna og í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
- Hennar helstu verkefni í ráðuneytinu sneru að frumkvæðismálum skv. 112. gr. sveitarstjórnarlaga og samvinnusamningum sveitarfélaga, skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Hjá umboðsmanni barna vann Freyja við ýmis tilfallandi verkefni, m.a. undirbúningsvinnu umsagna til nefndasviða Alþingis, og aðstoðaði við undirbúning og framkvæmd Barnaþings í Hörpu.



- **Gunnar Úlfarsson** er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið meistaránámi í hagfræði og fjármálum við St Andrews háskóla í Skotlandi. Gunnar hefur starfað sem stundakennari innan hagfræðideildar Háskóla Íslands og hefur reynslu af samkeppnis- og samrunamálum úr starfi hjá Samkeppniseftirlitinu.
- Gunnar leggur áherslu á hagræna greiningu vandamála með tölulegri greiningu og nýtingu rauntímagagna til skilvirkar ákvarðanatöku. Hann hefur unnið mat á fjárhagslegum áhrifum fjárfestinga sveitarfélaga og tekið þátt í greiningu á fjárhag þeirra.